



Starfsreglur skrifstofu landskjörstjórnar

1. gr.

Landskjörstjórn mótar stefnu og áherslur skrifstofu sinnar en framkvæmdastjóri og annað starfsfólk annast í umboði hennar daglega framkvæmd og stjórn þeirra verkefna sem henni eru falin samkvæmt kosningalögum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og annast daglega stjórn á starfsemi, fjárreiðum og rekstri landskjörstjórnar.

2. gr.

Starfsfólk skrifstofu landskjörstjórnar skal vinna að heilindum og fagmennsku í öllum sínum störfum. Starfsfólk skal gæta fyllsta trúnaðar um allt það sem þau verða áskynja í störfum sínum sem rétt er að gæta trúnaðar um. Trúnaður þessi helst þótt starfsfólk ljúki störfum fyrir landskjörstjórn.

3. gr.

Starfsfólk skal í störfum sínum vinna að því að ásýnd og framkvæmd kosninga sé örugg og fagleg í því skyni að tryggja beinar, frjálsar og leynilegar kosningar og viðhalda trausti á kosningaframkvæmd.

4. gr.

Starfsfólk skal ekki vinna önnur störf, launuð sem ólaunuð, sem ekki samrýmast hlutleysi og óhlutdrægni starfsemi landskjörstjórnar.

5. gr.

Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar kemur fram fyrir hönd skrifstofu landskjörstjórnar út á við.

6. gr.

Starfsfólk landskjörstjórnar skal kynna sér og hlíta almennum siðareglum starfsmanna ríkisins nr. 391/2013 og ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt 12. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Samþykkt á fundi landskjörstjórnar 27. apríl 2023

Kristín Edwald (sign.)

Ebba Schram (sign.)

Magnús Karel Hannesson (sign.)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign.)

Ólafía Ingólfssdóttir (sign.)